

Námsáætlun 2016-2017

Námsgrein: Hönnun og smíði – hringekja - 5. bekkur

Áfangalýsing

Lýsing frá kennara:

Meginmarkmið í hönnun og smíði er að vekja og efla áhuga nemenda á handverki og verkgreinum og að þeir fái tækifæri til að þroska með sér verkfærni og verkunnáttu og vera skapandi í starfi. Nemendur fá að vinna með fjölbreytt efni s.s. smíðavið, málma, plast og leður. Samhliða því er unnið með grunnþætti í almennri menntun s.s. að nemendur verði læsir og gagnrýnir á umhverfi sitt, temji sér vinnusemi, góða umgengni og beri virðingu fyrir sínum verkum og annarra. Smíðin er því góður undirbúningur fyrir lífið og á að stuðla að færni til frekara náms.

Nemendur í 5. bekk eru í hringekju 4 tíma á viku í myndmennt, textilmennt, heimilisfræði og hönnun og smíði, hver hópur u.þ.b. 12 vikur á hverjum stað. Kennsluáætlunin endurtekur sig því yfir veturinn fyrir alla hópa.

Í síðasta kennslutíma milli fyrstu og annarar lotu, í list- og verkgreinum, höldum við sýningu á hlutum nemenda og bjóðum upp á léttar veitingar.

Fyrsta lota er frá 22. Ágúst til 20 nóvember 2016

Önnur lota er frá 21. nóvember til 26. Febrúar 2017

Þriðja lota er frá 27. febrúar til 2. júní 2017

Tímabil	Markmið	Verkefni	Verklýsing	Efni
Ágúst	Að nemendur læri að hanna hlut út frá gefinni forskrift og þörf.	Þrívíddarmynd. Lítill mynd (logo 10 x 10 cm) úr 4 og 6mm MDF plötum. Nota afganga.	Hanna, teikna og saga út. Pússa, mála og líma saman.	4 og 6mm MDF í þrívíddarmynd. Trélitir og málning. Trélím og lakk.
September	Að nemendur læri að hanna hlut út frá gefinni forskrift og þörf. Að nemendur læri um sterkstraum og lágstraum og hanni og smíði hlut sem nýtir sér lágstraum.	Þrívíddarmynd. Sparibaukur með glæru akrílplasti. Smjörhnífur úr birki. Borðspil. Tréflauta úr birkigrein.	Hanna, teikna og saga út. Pússa, mála og líma saman. Tálga börkinn af þannig að allt grænt og brúnt sé horfið. Pússa og bora fyrir munnstykki og skreyta á þann hátt sem hverjum	MDF plötur í þrívíddarmynd. Málning. Fura í sparibauk og birkigrein í flautu. Annað tilfallandi efni s.s. spýtur, málmar og plast. Birki í smjörhníf. Olía fyrir mataráhöld.

	Að nemendur átti sig á hvað er átt við með góðum frágangi. Að nemendur læri að tálga og þjálfa í að nota tálguhníf á öruggan hátt.	Prívíddarmynd. Sparibaukur með glæru akrílplasti. Smjörhnífur úr birki. Borðspil. Tréflauta úr birkigreini.	hentar. Rafrásina þarf að tengja rétt saman og tina yfir allar víratengingar.	Birki í flautu. 8 mm dílaefni í flautu. Skrúfur.
Október	Að nemendur geti nýtt sér og notað þann grunn sem þeir hafa til að skapa og útbúa hluti sem þeir hafa áhuga á eða þörf fyrir.	Prívíddarmynd. Sparibaukur með glæru akrílplasti. Smjörhnífur úr birki. Borðspil. Tréflauta úr birkigreini.	Rafrásina þarf að tengja rétt saman og tina yfir allar víratengingar.	MDF plötur í prívíddarmynd. Málning. Fura í sparibauk og birkigreini í flautu. Annað tilfallandi efni s.s. spýtur, málmar og plast. Birki í smjörhníf. Olía fyrir mataráhöld. Birki í flautu. 8 mm dílaefni í flautu. Skrúfur.
Nóvember		Prívíddarmynd. Sparibaukur með glæru akrílplasti. Smjörhnífur úr birki. Borðspil. Tréflauta úr birkigreini.		MDF plötur í prívíddarmynd. Málning. Fura í sparibauk og birkigreini í flautu. Annað tilfallandi efni s.s. spýtur, málmar og plast. Birki í smjörhníf. Olía fyrir mataráhöld. Birki í flautu. 8 mm dílaefni í flautu. Skrúfur.
Desember				

Námsmat

Námsmat eftir nýrri aðalnámskrá fyrir hönnun og smíði er enn í vinnslu.

Kennsluhættir

Algengast er þegar byrjað er á nýju verkefni eða þegar nýtt verkfæri eða vinnuaðferð er tekin fyrir, þá sé sýnikennsla notuð. Verkleg æfing er stundum notuð í framhaldi af sýnikennslu til að þjálfa nemendur í að beita verfærum rétt og til að nemendur tileinki sér rétt vinnubrögð. Þegar nemendur eru byrjaðir á sínum verkefnum þá fær hver nemandi leiðsögn eftir þörfum.

Kennari, netfang

Gunnlaugur Jóhannsson, gulli@akmennt.is